

Kleppjárnsreykir



Consept

Upphefja staðinn og tengja við hverina á staðnum og í nágrenninu.

Kleppjárnsreykjahver er annar vatnsmesti hver landsins og er aðdráttarafl ferðamanna.

Þá er það gufan sem stígur upp og er svo aðlaðandi.

Grundvöllur er til stækkunar á ræktun á grænmeti. Sé ég tækifæri í meiri framleiðslu og að opna húsin fyrir gesti og bjóða upp á tómatsúpu ofl.

Setja upp lestarstöð í niðurníddu gróðurhúsi og leggja teina í skemmtilegan hring í hverfinu. Hún yrði sterkt aðdráttarafl fyrir alla ferðamenn. Ekki síst barnafólk.



1

Gönguleið til Kraumu 800 m frá veitingastaðnum.

2

Veitingar í gróðurhúsi. Tómatsúpa/paprikusúpa. Hlýtt allt árið.

3

Lest fyrir börnin. Stuttur rúntur um hverfið í rólegheitum og er skemmtileg upplifun. Lestarsstöðin er í gömlu gróðurhúsi.

4

Kleppjárnsreykjahver. Hannað nýtt umhverfi, með ryðfríum pöllum og góðri aðkomu.

5

Hestar í gerði. Hægt að klappa, taka selfie og panta reiðtúr.

6

Markaður í gömlu gróðurhúsi. Gott skjól. Vara úr heimabyggð til sölu í básum. Reyktur og ferskur lax. Grænmeti beint úr gróðurhúsunum. Handverk og minjagripir. Kynningarbásar fyrir fyrirtæki. Ristaðar möndlur.

Reykjadalsá

Krauma

Krauma

Laxveiði

Gönguleiðir

Tjaldsvæði

Hestar

Kársneshver

1

2

5

6

Skrúður

3

Þvottahús

Kleppjárnsreykjahver

4

Gufuhver

Sjálfbærni

Fjölskyldan

Yfirlitsmynd stærð 1:2000

Sviðsmyndir



Að óbreyttu. Borgarbyggð. Í Aðalskipulagi er talað um endurnýjun vegar um Reykjadalásá. Endurnýjun hitaveitulagna í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit. Breyting á sorpurðunarstað. Vindmyllur á Grjóthálsi. Viðhald á þeim innviðum sem fyrir eru og tilhaganir eftir þörfum. Hver að sinna sínu en ekkert stórkostlegt að gerast. Gróður eykur vöxt og afkomendur taka við rekstri og viðhalda honum. Smá tiltekt.



Í versta falli: Í ljósi þess að veðurfar er sibreytilegt í dag. Sterkari vindar og meiri þurrkar gætu verið framtíðin. Ef þurrkar verða ágengnari og vindar skarpari, verður líklegt að rúður brotna meir í gróðurhúsum. Uppskerubrestur hjá garðyrkjubændum og lítil innkoma. Erfitt að halda búum í horfinu og fasteignir drabbast niður og minnka í verði. Þurrkar í ám og minni veiði. Sinu myndun á túnnum ef hætt er að yrkja þau.



Í Besta falli: mín hugmynd! Nýta það sem fyrir er og upphefja það. Hverirnir eru sterkt aðdráttarafl til að skoða og lífsstíll í dag er meiri hreyfing og góðar gönguleiðir. Ferskt grænmeti beint frá bónda og jafnvel skoðunarferðir í gróðurhúsin eða að borða veitingar innandyra innanum gróðurinn. Hestar til reiðtúra. Örug innkoma. Gott viðhald á fasteignum.

Yfirlitsmynd af hverfinu úr 240 m hæð *Birds eye view*
Nýbyggingar í gráum lit. Horft í Norðurátt



Source: Esri, Maxar, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community

Kleppjárnareykir liggja neðst á láglandi Reykholtssdals í Borgarfjarðarsveit. Niður með dalnum frá fjallinu Ok rennur laxveiðiáin Reykjadalásá sem liðast í fallegum hlykkjum við þéttbýlið.

Einnig eru þekktar laxveiðiár í nærliggjandi dölum.

Fjölbreytt landslag einkennir svæðið, með Ok efst til fjalla og stutt í Langjökul, ásar og dalir með ám. Mýrar og deiglandi á undirlendinu.

Víða er að finna náttúruperlur í nágrenninu. Birkiskóginn í Húsafelli og Barnafoss og Hraunfossar. Stutt er til Kraumu og að Deildartunguhver sem er vatnsmesti hver landsins og einnig Evrópu. Snorralaug í Reykholti og Snorrastofa.

Ein aðal náttúruauðlind Borgarfjarðar er jarðhitinn. Svæðið er auðugt af hverum og heitu vatni sem nýtt er til upphitunar á húsum.

Upp með dalnum liggja bæir mjög þétt, og margir eru að bjóða upp á gistingu og veitingar.

Hestaferðir eru sívinsælar og eru víða í boði. Ganga með geit á Háafelli er það nýjasta og afurðir af geitum er þar til sölu.

Fjöldi gönguleiða er á svæðinu, stuttar og langar, þó nokkrar þjóðleiðir.

Fuglalíf er auðugt sem og fiskurinn í ánum. Vinsælt er að kasta fyrir lax og njóta náttúrunnar í leiðinni.

Frístundabyggð er í Húsafelli sem er í stuttri fjarlægð, innan um birkigróður. Þar er einnig golfvöllur.

Stemningsmyndir





Veitingar og þjónusta á Sólvangi. 3D teikning af fjölgun bygginga og pallur fyrir borð og stóla. Aðgengi niður að Reykjadalssá og sést í göngubrú yfir.




Á Kleppjárnssreykjum er mikið af heitu vatni sem er notað til upphitunar húsa. Góð skilyrði eru til ræktunar á fjölbreyttu grænmeti. Sé ég fyrir mér að auka mætti ræktun á svæðinu til að nýta betur þennan umhverfisvæna hitunarmáta.

Reynsla er komin á að bjóða upp á veitingar inni í gróðurhúsum með tómatarækt. Þann leik væri hægt að endurtaka hér á þessu svæði. Sé ég einnig fyrir mér opið svæði utandyra, í góðu skjóli til að setjast niður og njóta umhverfisins. Í bakgrunninn rennur Reykjadalssá í bugðum framhjá svæðinu. Göngubrú sést til hliðar í fjarska sem tengir svæðið síðan með gönguleið til Kraumu.

Kleppjárnssreykjahver í nýjum búningi. Hönnun á umhverfi og aðgengi gangandi fólks. Leið lestarinnar sýnd.



Sniðmynd (A-A1) af Kleppjárnssreykjahver. Hönnun umhverfis hverinn. 1:100



Saga

Byggðin er lækni- og skólasetur í Reykholtssdal í Borgarfirði. Mikill jarðhiti er á svæðinu og margir stórir og vatnsmiklir hverir. Þar eru heimildir um upphaf á upphitun húsakosts með hveravatni, árið 1911.

